



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 18. desember, 2009

Ákvörðun nr. 42/2009

Kaup Orkusölnnar ehf. á hluta starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ehf.

I

Málsmeðferð og málavextir

Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um kaup Orkusölnnar ehf. (hér eftir OS) á afmarkaðri starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ehf. (hér eftir OH) með tilkynningu dags. 23. nóvember 2009. Var samrunaskráin í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. einnig reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og reglur nr. 854/2008.

Vegna rannsóknar samrunans hefur Samkeppniseftirlitið aflað sér nokkurra upplýsinga um markaðinn m.a. með samtölum við aðila á markaðnum og eftirlitsstofnanir.

II

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist.

Fram kemur í samrunaskrá að OS muni taka yfir raforkusölu OH. Þann 1. janúar 2010 verða viðskiptavinir OH viðskiptavinir OS skv. samkomulagi aðila. Um er að ræða öll raforkuviðskipti OH í smásölu við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Tekur OS jafnframt yfir gildandi samninga OH um raforkukaup í heildsölu. OS er dótturfélag RARIK en RARIK rekur dreifikerfi raforku víðsvegar um Ísland.

Samkvæmt samrunaskrá er markmið samrunans að ná fram samlegð úr rekstri fyrirtækjanna og styðja við vöxt OS. Hefur OS starfsemi um allt land.

Samkeppniseftirlitið telur að með framangreindu hafi orðið breyting á yferráðum á smásölupætti OH og því sé um að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

III

Niðurstaða

OH og OS starfa á sömu mörkuðum. OS hefur er umsvifamikið félag í sölu raforku til almennra nota á Íslandi. Er markaðsstaða félagsins sterkari á þeim hlutum landsins þar



sem RARIK móðurfélag OS sinnir dreifingu á raforku. Í kjölfar þessa samruna mun dreifing og framleiðsla raforku enn vera í höndum OH en sala félagsins á raforku færast til OS. Með því eykst markaðshlutdeild OS lítillga en starfsemi OH er ekki mjög umfangsmikil.

Umsvifamiklir aðilar selja raforku til almennra nota á Íslandi. Þeirra helstir fyrir utan samrunaaðila eru Orkuveita Reykjavíkur (hér eftir OR) og HS Orka (hér eftir HS). Bæði félögin ráða yfir umtalsverðri framleiðslugetu raforku ásamt því að félögin selja jafnframt töluvert magn rafmagns til stóriðju.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 49/2006 *Stofnun Orkusölnunnar* sagði svo um skilgreiningu þeirra markaða sem samrunaaðilar starfa á:

„... telur Samkeppniseftirlitið að um fjóra markaði sé að ræða: markaðinn fyrir framleiðslu og heildsölu rafmagns, markaðinn fyrir dreifingu rafmagns, markað fyrir flutning rafmagns og loks markað fyrir sölu á rafmagni til endanotenda. Síðasta markaðnum er að mati Samkeppniseftirlitsins rétt að skipta í tvennt, annars vegar almennan hluta og hins vegar stórnotendahluta.“

Væri miðað við sömu skilgreiningu hér telur Samkeppniseftirlitið að markaðshlutdeild OS verði áþekkt fyrir og eftir samrunann eða um [25-35]%. Þá telur stofnunin að markaðshlutdeild fyrrgreindra keppinauta samrunaaðila, OR og HS, sé umtalsverð. Er markaðshlutdeild OR um [35-45] % en markaðshlutdeild HS um [15-25]%.¹

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir telur Samkeppniseftirlitið að samruni þessa máls raski ekki samkeppni skv. þeim viðmiðunum sem felast í 17. gr. c samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til að hafast frekar að vegna samruna Orkusölnunnar ehf. og Orkuveitu Húsavíkur ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

¹ Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar